

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Daniels Eiríkssonar, útgefin á venjulegan hátt af dómsmálaráðherra ad mandatum 17. september 1968. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

um minningarsjóðs Daniels Eiríkssonar og konu hans
Amalíu Geirsdóttur, Súgandafirði.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Minningarsjóður Daniels Eiríkssonar og Amalíu Geirsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 7 þúsund kr. framlagi frá systkinum Daniels Eiríkssonar, þeim Jóni Eiríkssyni, Kristjáni B. Eiríkssyni, Guðrúnu Eiríksdóttur, Kristínu Eiríksdóttur og Eiríki E. F. Guðmundssyni.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að búnaðar- og ræktunarframkvæmdum í Súgandafirði.

4. gr.

Tilgangi sínum er sjóðnum ætlað að ná með því að styrkja áhugamenn um jarðrækt í Súgandafirði, veita viðurkenningu fyrir búnaðarframkvæmdir, styrkja efnilega menn til búnaðarnáms eða rannsókna á sviði búnaðar, einnig til hagnýtra leiðbeininga um ræktun og fegrun sveitarinnar.

5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20 000.00 — tuttugu þúsund kr. — má veita úr honum í fyrsta sinn $\frac{2}{3}$ vaxta hans, en $\frac{1}{3}$ vaxta leggst við höfuðstólinn. Veita skal úr sjóðnum þriðja hvert ár eftir sömu hlutföllum, þar til sjóðurinn er orðinn 50 þúsund kr., þá skal veita úr honum þriðja hvert ár $\frac{3}{4}$ vaxta hans, en $\frac{1}{4}$ leggjast við höfuðstól.

6. gr.

Sjóðurinn tekur á móti gjöfum til minningar um Daniel og Amalíu, enn fremur öðrum gjöfum veittum í því augnamiði að auka ræktunarframkvæmdir í Súgandafirði.

7. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Súgfirðinga eða annarri tryggri peningastofnun.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: formaður búnaðarfélags í Súgandafirði og tveir menn kjörnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, annar þeirra nákominn ættingi Daniels, eða maður, sem ættingjar hans tilnefna, og skal hann vera formaður. Nú er enginn nákominn ættingi Daniels í Suðureyrarhreppi og tilnefning hefur ekki komið frá ættingjum, þegar gera skal breytingar á stjórninni. Skal þá formaður búnaðarfélagsins vera formaður sjóðsstjórnar, og tveir stjórnarmenn kjörnir af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps, án tilnefningar.

9. gr.

Endurskoðendur skulu vera tveir, tilnefndir af hreppsnefnd.

10. gr.

Skipulagsskrá fyrir minningarsjóðinn, sem staðfest var 9. marz 1965, fellur úr gildi.

8. október 1968.

Nr. 259.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hans Adólfs Hjartarsonar: Náms- og ferðasjóður, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. október 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hans Adólfs Hjartarsonar:
Náms- og ferðasjóður.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 1. marz 1951 af Hjúkrunarfélagi Íslands til minningar um Hans Adólf Hjartarson, sem lézt það ár.

Stofnfé sjóðsins er kr. 11 000.00.

Sjóðurinn veitir móttöku gjöfum frá félagsmönnum og öðrum, sem kunna að vilja styrkja sjóðinn.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja hjúkrunarkonur í ofangreindu félagi til frekara náms, og eins til ferðalaga í sambandi við félagsmál.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í banka, og má aldrei skerða höfuðstólinn.

Sjóðinn skal ávaxta þar til hann er orðinn kr. 100 000.00. Að því búnu má verja allt að $\frac{2}{3}$ hlutum af árlegum vöxtum sjóðsins til styrkveitinga, en hinn hlutinn skal lagður við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 200 000.00. Að því búnu má verja öllum vöxtunum til styrkveitinga, ef með þarf.

Fyrst í stað skal úthluta styrkjum úr sjóðnum annað hvert ár, þar til stjórn sjóðsins ákveður annað.

4. gr.

Nú skyldi eitthvert ár eigi vera úthlutað styrk úr sjóðnum, og leggjast þá allir vextirnir við höfuðstólinn.

5. gr.

Málefnum sjóðsins skal stjórnað af þremur aðilum. Skal einn vera formaður Hjúkrunarfélags Íslands, annar skólastjóri Hjúkrunarskóla Íslands, en hinn þriðji skal kosinn á aðalfundi félagsins til fjögurra ára í senn, um leið og formannskjör fer fram. Þá skulu og kosnir tveir endurskoðendur að reikningum sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd styrkveitinga og reikningshald sjóðsins. Skal sjóðurinn hafa sérstaka bók, og skal skipulagsskrá þessi innfærð í hana, svo og styrkveingar allar og reikningar.